

**REGLUGERÐ**

um

**bann við dragnótaveiði í landhelgi í Þingeyjarsýslum.****9**  
26. febr.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

**1. gr.**

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snur-revaad) til fiskiveiða í landhelgi fyrir framan strandlengju Flateyjarhrepps, Ljósavatnshrepps, Aðaldælahrepps, Húsavíkurhrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps, Presthólahrepps, Svalbarðshrepps og Sauðanes-hrepps á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

**2. gr.**

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr rikissjóði.

**3. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum sem á-kveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öll-um þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. febrúar 1932.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*